

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Bæjarráð Mosfellsbæjar

**Efni:** Tillaga D lista um hækkun á frístundaávísun barna og ungmenna og eldri borgara.

**Dags:** 19.12.2022

**Málsnúmer:** 202206736

**Sendandi:** Regína Ásvaldsóttir, bæjarstjóri

---

### Forsaga:

Á 817. fundi bæjarstjórnar þann 7. desember sl. lagði D listi fram tillögu um að frístundaávísanir til barn og ungmenna og eldri borgara verði hækkaðar til samræmi við vísitölu og hækkandi gjaldskrár.

Á fundinum var samþykkt að vísa tillögunni til afgreiðslu bæjarráðs til að unnt sé að leggja mat á kostnað við ákvörðunina.

### Greinargerð:

Fjármálasvið Mosfellsbæjar hefur tekið saman kostnaðinn við hækkun á frístundaávísunum í samræmi við tillöguna.

Annars vegar er miðað við 9% hækkun þann 1. janúar 2023 og yrði kostnaðurinn þá eftirfarandi:

- Frístundaávísun 5-18 ára kr. 10.425.536 m.v. nýtingu síðustu ára.
- Frístundaávísun eldri borgara kr. 139.500 m.v. nýtingu ársins í ár sem er um 52% af áætlaðri nýtingu.

Hins vegar er miðað við 9% hækkun þann 1. ágúst 2023 og yrði kostnaðurinn þá eftirfarandi:

- Frístundaávísun 5-18 ára kr. 7.549.687 m.v. nýtingu síðustu ára.
- Frístundaávísun eldri borgara kr. 69.750 m.v. nýtingu ársins í ár.

Tímabil frístundaávísunar eldri borgara er 1. janúar til 31. desember.

Tímabil frístundaávísunar barna 5-18 ára er 15. ágúst til 31. maí. Meirihluti frístundaávísana er nýttur á haustönn.

Þá var einnig leitað upplýsinga hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu um fjárhæð frístundaávísana vegna ársins 2023. Meðfylgjandi er yfirlit byggt á þeim upplýsingum:

- Akureyri mun hækka styrkinn úr kr. 40.000 í kr. 45.000 um áramót.
- Reykjanesbær mun verða með óbreyttan styrk kr. 45.000 en bæta við 4 og 5 ára börnum og hefja hvatagreiðslur fyrir eldri borgar í september nk.
- Hafnarfjarðarbær verður með óbreyttan styrk kr. 4.500 á mánuði eða allt að kr. 54.000 á ári.
- Garðabær hækkar úr kr. 50.000 í kr. 55.000 um áramót.
- Kópavogur er með óbreytta upphæð kr. 56.000 fyrir árið.

*Virðingarfyllt,  
Regína Ásvaldsóttir,  
bæjarstjóri*